The powers of each Contracting State's competent authority to obtain information include powers to obtain information held by financial institutions, nominees, or persons acting in an agency or fiduciary capacity (not including information that would reveal confidential communications between a client and an attorney, solicitor or other legal representative, where the client seeks legal advice), and information relating to the ownership of legal persons, and that each Contracting State's competent authority are able to exchange such information in accordance with the Article.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Protocol.

Done in duplicate at Washington on this twenty-third day of October 2007 in the English and Icelandic languages, both texts being equally authentic.

FOR THE GOVERNMENT OF THE UNITED STATES OF AMERICA:

FOR THE GOVERNMENT OF ICELAND:

SAMNINGUR MILLI
RÍKISSTJÓRNAR BANDARÍKJA NORÐUR-AMERÍKU
OG RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

TIL AÐ KOMAST HJÁ TVÍSKÖTTUN
OG KOMA Í VEG FYRIR UNDANSKOT
FRÁ SKATTLAGNINGU Á TEKJUR

Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku og ríkisstjórn Íslands, sem óska eftir að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTAR um eftirfarandi:

1. gr.

Almennt gildissvið.

1. Samningur þessi tekur einungis til aðila, sem eru heimilisfastir í öðru eða báðum samningsríkjunum, nema kveðið sé á um annað í samningnum.

2. Samningurinn takmarkar ekki á neinn hátt nokkurn ávinning sem tilkominn er nú eða hér eftir:

a) samkvæmt lögum hvors samningsríkis sem er; eða

b) samkvæmt hverjum öðrum samningi milli samningsríkjanna.

3. a) Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 2. mgr.:

i) gilda ákvæði 24. gr. samnings þessa (Framkvæmd gagnkvæms samkomulags) einvörðungu um deilu um hvort ráðstöfun rúmist innan gildissviðs samnings þessa og málsmeðferð samkvæmt samningi þessum gildir einvörðungu um þá deilu; og

ii) nema bær stjórnvöld ákveði að skattaleg ráðstöfun falli ekki undir gildissvið samnings þessa, gilda skuldbindingar viðvíkjandi banni við mismunun samkvæmt samningi þessum einvörðungu um þá ráðstöfun, nema að því er varðar skuldbindingar sem lúta að innlendri meðferð eða bestukjarameðferð og kunna að gilda um vöruviðskipti samkvæmt hinum almenna samningi um tolla og viðskipti. Engin skuldbinding, sem lýtur að innlendri meðferð eða bestukjarameðferð samkvæmt öðrum samningum, gildir að því er fyrrnefnda ráðstöfun varðar.

b) Í málsgrein þessari merkir „ráðstöfun" lög, reglugerð, reglu, málsmeðferð, ákvörðun, stjórnsýslufyrirmæli eða svipuð ákvæði eða aðgerð.

4. Samningsríki er heimilt, þrátt fyrir hvaða ákvæði samningsins sem er, að 5. mgr. þessarar greinar undanskilinni, að skattleggja aðila heimilisfasta í því ríki (sbr. skilgreiningu í 4. gr. (Heimilisfastur aðili)), og er sakir ríkisfangs heimilt að skattleggja ríkisborgara sína eins og samningurinn hefði ekki komið til framkvæmda. Heimilt er, þrátt fyrir önnur ákvæði samnings þessa og í samræmi við bandarísk lög, að skattleggja fyrrum bandaríska ríkisborgara eða fyrrum heimilisfastan aðila í Bandaríkjunum til langs tíma í tíu ár eftir að hlutaðeigandi hefur misst þá stöðu.

5. Ákvæði 4. mgr. hafa engin áhrif á:

a) ávinning sem samningsríki veitir skv. 2. mgr. 9. gr. (Tengd fyrirtæki), 2. og 4. mgr. 17. gr. (Eftirlaun, almannatryggingar og lífeyrisgreiðslur) og 22. gr. (Eftirgjöf á tvísköttun), 23. gr. (Bann við mismunun) og 24. gr. (Framkvæmd gagnkvæms samkomulags); og

b) ávinning sem samningsríki veitir mönnum skv. 18. gr. (Opinber þjónusta); 19. gr. (Námsmenn og lærlingar) og 26. gr. (Sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisskrifstofa) sem hvorki eru ríkisborgarar þess né hafa öðlast heimilisfesti í því.

6. Líta ber svo á að tekjuliður, sem kemur frá aðila sem er sameignarfélag, fjárvörslusjóður eða bú samkvæmt lögum hvors samningsríkis sem er, sé tekjuliður aðila sem er heimilisfastur í ríki, að því marki sem farið er með þann lið samkvæmt skattalögum þess samningsríkis sem tekjur

heimilisfasts aðila, þ.e. tekjur sem slíkur aðili hefur í sinni vörslu eða eru í vörslu samstarfsaðila hans eða rétthafa.

2. gr.

Skattar sem samningurinn tekur til.

1. Samningur þessi tekur til skatta af tekjum sem lagðir eru á vegna samningsríkis, án tillits til þess á hvern hátt þeir eru á lagðir.

2. Til skatta af tekjum teljast allir skattar sem eru lagðir á heildartekjur, á heildareignir eða á hluta tekna, þar með taldir skattar af hagnaði af sölu lausafjár eða fasteigna, skattar á heildarfjárhæð launa sem eru greidd af fyrirtækjum, að frátöldum sköttum á bætur almannatrygginga, svo og skattar af verðmætisaukningu.

3. Gildandi skattar, sem samningurinn tekur til, eru þessir:

a) á Íslandi:

i) tekjuskattar ríkissjóðs; og

ii) útsvar til sveitarfélaganna,

(hér á eftir nefnt „íslenskur skattur");

b) í Bandaríkjunum:

i) alríkistekjuskattar lagðir á samkvæmt lögum Bandaríkjanna um tekjuskatt; og

ii) alríkisvörugjöld lögð á að því er við kemur einkasjóðsstofnunum,

(hér á eftir nefnt „bandarískur skattur").

4. Samningurinn skal einnig taka til allra þeirra skatta, sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar, sem lagðir eru á eftir undirritunardag hans til viðbótar við eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu tilkynna hvort öðru um allar verulegar breytingar sem hafa verið gerðar á skattalögum ríkjanna eða öðrum lögum þeirra sem hafa veruleg áhrif á skuldbindingar þeirra samkvæmt samningi þessum.

3. gr.

Almennar skilgreiningar.

1. Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema annað leiði af samhenginu:

a) „Ísland" merkir Ísland og, þegar það er notað í landfræðilegum skilningi, landsvæði Íslands, þar með talin landhelgi þess og sérhvert það svæði utan landhelginnar þar sem Ísland hefur samkvæmt þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum, og náttúruauðlindir þeirra;

b) „Bandaríkin" merkir Bandaríki Norður-Ameríku og ríkin sem mynda þau, ásamt District of Columbia. Hugtakið tekur og til landhelgi Bandaríkjanna og hafsbotns og botnlaga neðansjávarsvæða sem liggja næst landhelginni, þar sem Bandaríkin hafa, samkvæmt

þjóðarétti, fullveldisréttindi. Hugtakið tekur hins vegar ekki til Púertó Ríkó, Bandarísku Jómfrúareyja, Gvam eða neinna annarra yfirráða- eða landsvæða Bandaríkjanna;

c) „aðili" merkir mann, bú, fjárvörslusjóð, sameignarfélag, félag og sérhver önnur samtök aðila;

d) „félag" merkir sérhverja persónu að lögum eða sérhverja aðra einingu sem telst persóna að lögum að því er skatta varðar samkvæmt lögum þess ríkis þar sem henni er komið á fót;

e) „fyrirtæki" nær til reksturs hvers konar starfsemi;

f) „fyrirtæki í samningsríki" og „fyrirtæki í hinu samningsríkinu" merkja fyrirtæki sem er rekið af aðila heimilisföstum í samningsríki og fyrirtæki sem er rekið af aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, eftir því sem við á;

g) „samningsríki" og „hitt samningsríkið" merkja Ísland eða Bandaríkin eftir því sem samhengið gefur til kynna;

h) „flutningar á alþjóðaleiðum" merkir flutninga með skipi eða loftfari, nema skipið eða loftfarið sé eingöngu notað milli staða í samningsríki;

i) „bært stjórnvald" merkir:

i) á Íslandi: fjármálaráðherra eða fulltrúa hans; og

ii) í Bandaríkjunum: fjármálaráðherra eða fulltrúa hans;

j) „ríkisborgari" merkir:

i) hvern þann mann sem á ríkisfang í samningsríki; og

ii) sérhvern lögaðila, sameignarfélag eða samtök sem byggja réttarstöðu sína sem slík á gildandi lögum samningsríkis;

k) „starfsemi" felur í sér sérfræðiþjónustu og aðra sjálfstæða starfsemi;

l) „lífeyriskerfi" merkir skipulag, kerfi, sjóð, fjárvörslusjóð eða aðra skipan sem er komið á í samningsríki og

i) er almennt undanþegin tekjuskatti í því ríki; og

ii) er rekin aðallega til þess að hafa umsjón með eða sjá fyrir lífeyri eða eftirlaunum eða afla tekna í þágu þess konar skipanar, einnar eða fleiri.

2. Við framkvæmd samningsríkis á ákvæðum þessa samnings á hverjum tíma skulu öll hugtök sem ekki eru skilgreind í samningnum, nema annað leiði af samhenginu eða bær stjórnvöld koma sér saman um sameiginlega merkingu samkvæmt ákvæðum 24. gr. (Framkvæmd gagnkvæms samkomulags), hafa sömu merkingu og þau hafa á þeim tíma samkvæmt lögum viðkomandi ríkis að því er varðar þá skatta sem samningurinn tekur til. Sú merking sem hugtakið hefur samkvæmt viðeigandi skattalögum þess ríkis, skal ganga framar þeirri merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt öðrum lögum þess ríkis.

4. gr.

Heimilisfastur aðili.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „aðili heimilisfastur í samningsríki“ sérhvern þann aðila sem samkvæmt lögum þess ríkis er skattskyldur þar vegna búsetu, heimilisfesti, ríkisfangs, aðseturs stjórnar, aðseturs stofnunar eða af öðrum svipuðum ástæðum, og felur einnig í sér það ríki og sjálfsstjórnarhéruð eða sveitarstjórnir þess. Hugtakið felur þó ekki í sér neinn þann aðila sem eingöngu er skattskyldur í þessu ríki af tekjum sem eiga uppruna sinn í því ríki eða af eignum sem þar eru staðsettar eða af hagnaði sem rekja má til fastrar atvinnustöðvar í því ríki.

2. Í hugtakinu „aðili heimilisfastur í samningsríki“ felst:

a) lífeyriskerfi;

b) skipulag, kerfi, sjóður, fjárvörslusjóður, félag eða önnur skipan sem er komið á í samningsríki og er einvörðungu starfrækt í því skyni að hafa umsjón með eða tryggja kjör starfsmanna og sem, vegna eðlis síns sem slíks, er undanþegin tekjuskatti í því ríki; og

c) stofnun sem eingöngu þjónar markmiðum á vettvangi trúmála, góðgerðastarfsemi, vísinda, lista, menningar eða menntunar og er heimilisfastur aðili í samningsríki samkvæmt lögum þess,

þrátt fyrir að tekjur hans eða hagnaður, allur eða að hluta, kunni að vera undanþeginn skatti samkvæmt landslögum þess ríkis.

3. Þegar maður telst heimilisfastur í báðum samningsríkjunum skv. 1. mgr. skal ákvarða stöðu hans með eftirfarandi hætti:

a) maður telst einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann á fast heimili; eigi maður fast heimili í báðum ríkjunum telst hann einungis heimilisfastur í því ríki sem hann er nánar tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna);

b) ef ekki er unnt að ákvarða í hvoru ríkinu maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna, eða ef hann á fast heimili í hvorugu ríkinu, telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann dvelst að jafnaði;

c) ef maður dvelst að jafnaði í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann á ríkisfang;

d) ef maður á ríkisfang í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra skulu bær stjórnvöld í samningsríkjunum leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

4. Þegar aðili annar en maður telst heimilisfastur í báðum samningsríkjunum skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu bær stjórnvöld í samningsríkjunum leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi og ákvarða með hvaða hætti samningnum verður beitt um slíkan aðila. Komist bær stjórnvöld ekki að samkomulagi ber aðilanum ekki réttur til þess að krefjast nokkurs ávinnings sem er veittur samkvæmt samningi þessum, að þeim undanskildum sem er veittur skv. 23. gr. (Bann við mismunun) og 24. gr. (Framkvæmd gagnkvæms samkomulags).

5. gr.

Föst atvinnustöð.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „föst atvinnustöð“ fasta starfsstöð þar sem starfsemi fyrirtækis fer að nokkru eða öllu leyti fram.

2. Hugtakið „föst atvinnustöð“ tekur einkum til:

a) aðseturs framkvæmdastjórnar;

b) útibús;

c) skrifstofu;

d) verksmiðju;

e) verkstæðis; og

f) námu, olíu- eða gaslindar, grjótnámu eða annars staðar þar sem náttúruauðlindir eru nýttar.

3. Byggingarsvæði eða byggingar- eða uppsetningarframkvæmd, eða uppsetningar- eða borunarbúnaður eða skip sem er notað til að kanna náttúruauðlindir, telst því aðeins föst atvinnustöð að hún standi yfir eða starfsemin sé rekin lengur en tólf mánuði.

4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar tekur hugtakið „föst atvinnustöð“ ekki til:

a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins;

b) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlaður til geymslu, sýningar eða afhendingar;

c) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlaður til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;

d) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð í sambandi við kaup á vörum eða varningi eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;

e) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð til að annast sérhverja aðra undirbúnings- eða stoðstarfsemi fyrir fyrirtækið;

f) fastrar starfsstöðvar, sem nýtt er eingöngu til að reka hvers konar starfsemi sem samsett er úr þáttum sem falla undir a- til e-lið, enda felist öll sú starfsemi sem fram fer í þessari föstu starfsstöð vegna þessarar samsetningar í undirbúnings- eða stoðstarfsemi.

5. Ef aðili, sem er ekki óháður umboðsaðili skv. 6. mgr., hefur á hendi starfsemi fyrir fyrirtæki og hefur heimild í samningsríki til að gera samninga fyrir fyrirtækið og beitir þessari heimild að jafnaði, telst fyrirtæki þetta, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., hafa fasta atvinnustöð í því ríki að því er varðar hvers konar starfsemi sem aðilinn hefur með höndum fyrir fyrirtækið. Þetta á þó ekki við ef starfsemi þessa aðila er takmörkuð við þá starfsemi sem um ræðir í 4. mgr. og sem myndi ekki, þótt innt væri af hendi frá fastri starfsstöð, gera þessa föstu starfsstöð að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum þeirrar málsgreinar.

6. Fyrirtæki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í samningsríki eingöngu vegna þess að það hefur með höndum starfsemi í því ríki fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs

umboðsaðila, svo framarlega sem þessir aðilar koma fram innan marka venjulegs atvinnurekstrar þeirra sem óháðir umboðsaðilar.

7. Þótt félag, sem er heimilisfast í samningsríki, stjórni eða sé stjórnað af félagi, sem er heimilisfast í hinu samningsríkinu eða hefur með höndum starfsemi í hinu ríkinu (annaðhvort frá fastri atvinnustöð eða á annan hátt) leiðir það ekki til þess að annað hvort þessara félaga sé föst atvinnustöð hins.

6. gr.

Tekjur af fasteign.

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur af fasteign sem staðsett er í hinu samningsríkinu, þar með taldar tekjur af landbúnaði eða skógarnytjum, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið „fasteign" skal hafa þá merkingu sem það hefur samkvæmt lögum þess samningsríkis þar sem fasteignin er. Í öllum tilvikum felur hugtakið í sér fylgifé með fasteign, áhöfn og tæki, sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnytjar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttar, afnotarétt af fasteign og rétt til breytilegrar eða fastrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu á eða rétt til hagnýtingar á námum, lindum og öðrum náttúruauðlindum. Skip, bátar og loftför teljast ekki til fasteigna.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu eða hvers konar öðrum afnotum fasteignar.

4. Ákvæði 1. og 3. mgr. gilda einnig um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis.

7. gr.

Hagnaður af atvinnurekstri.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki skal einungis skattlagður í því ríki nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíkan atvinnurekstur með höndum má skattleggja hagnað þess í síðarnefnda ríkinu en þó einungis að því marki sem rekja má hagnaðinn til nefndrar fastrar atvinnustöðvar.

2. Þegar fyrirtæki í samningsríki hefur með höndum atvinnurekstur í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð þar skal hvort samningsríki um sig, nema annað leiði af ákvæðum 3. mgr. þessarar greinar, telja föstu atvinnustöðinni þann hagnað af atvinnurekstrinum sem ætla má að komið hefði í hennar hlut ef hún væri sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki sem hefði með höndum sams konar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu eða svipaðar aðstæður og kæmi að öllu leyti sjálfstætt fram í skiptum við það fyrirtæki sem hún er föst atvinnustöð fyrir. Hagnaður sá af atvinnurekstri sem telja skal föstu atvinnustöðinni skal einvörðungu vera hagnaður af þeim eignum sem eru notaðar, áhættu sem er tekin og starfsemi sem fer fram í föstu atvinnustöðinni.

3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld sem stofnað er til af hálfu föstu atvinnustöðvarinnar, þar með talinn kostnað við framkvæmdastjórn og almenna stjórnun, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar.

4. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð eingöngu vegna kaupa hennar á vörum eða varningi fyrir fyrirtækið.

5. Við beitingu ákvæða undanfarandi málsgreina skal hagnaður, sem talinn er fastri atvinnustöð, ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs, nema rík og fullnægjandi ástæða sé til annars.

6. Þegar hagnaður felur í sér tekjur, sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum samnings þessa, skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

7. Þegar ákvæðum þessarar greinar er beitt, ákvæðum 6. mgr. 10. gr. (Arður), 3. mgr. 11. gr. (Vextir), 4. mgr. 12. gr. (Þóknanir), 3. mgr. 13. gr. (Söluhagnaður af eignum) og 2. mgr. 20. gr. (Aðrar tekjur) eru allar tekjur eða hagnaður, sem rekja má til fastrar atvinnustöðvar meðan hún er í rekstri, skattlagður í því samningsríki þar sem fasta atvinnustöðin er staðsett, jafnvel þótt greiðslum sé frestað þar til föstu atvinnustöðinni er lokað.

8. gr.

Siglingar og loftferðir.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því ríki.

2. Að því er þessa grein varðar skal hagnaður af rekstri skipa eða loftfara einnig taka til langtímaleigu skipa eða loftfara eða leigu þeirra til einstakra ferða. Hann tekur einnig til hagnaðar af þurrleigu skipa eða loftfara ef leigutaki heldur slíkum skipum eða loftförum úti í flutningum á alþjóðaleiðum eða ef leigutekjur tengjast hagnaði af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum. Farið skal með hagnað, sem fyrirtæki hefur af flutningi eigna eða farþega innanlands í hvoru samningsríki sem er, sem hagnað af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum séu fyrrnefndir flutningar innanlands liður í flutningum á alþjóðaleiðum.

3. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki af því að nýta, viðhalda eða leigja gáma (þar með taldir eftirvagnar, prammar og skyldur tækjabúnaður fyrir gámaflutninga), sem eru notaðir í flutningum á alþjóðaleiðum, skal einungis skattlagður í því ríki.

4. Ákvæði 1. og 3. mgr. skulu einnig eiga við um hagnað sem hlýst af þátttöku í rekstrarsamvinnu („pool"), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum.

9. gr.

Tengd fyrirtæki.

1. Þegar:

a) fyrirtæki í samningsríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum fyrirtækis í hinu samningsríkinu, eða á, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þess, eða

b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum fyrirtækis í samningsríki, svo og fyrirtækis í hinu samningsríkinu, eða eiga, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þeirra,

og hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða setja í öðru hvoru tilvikinu skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu, sem eru frábrugðnir því sem væri ef fyrirtækin væru óháð hvort öðru, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins, en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast til hagnaðar þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.

2. Þegar samningsríki telur til hagnaðar fyrirtækis í því ríki, og skattleggur samkvæmt því hagnað fyrirtækis í hinu samningsríkinu, sem hefur verið skattlagður í því ríki, og það ríki samþykkir að hagnaðurinn, sem þannig er innifalinn, sé hagnaður sem hefði runnið til fyrirtækisins í fyrrnefnda ríkinu ef skilmálarnir, sem samið var um milli fyrirtækjanna tveggja, hefðu verið þeir sömu og samið hefði verið um milli óháðra fyrirtækja, skal síðarnefnda ríkið gera viðeigandi leiðréttingu á fjárhæð þess skatts sem lagður er þar á þennan hagnað. Við ákvörðun slíkrar leiðréttingar skal fullt tillit tekið til annarra ákvæða samnings þessa og skulu bær stjórnvöld samningsríkjanna hafa samráð ef nauðsyn krefur.

10. gr.

Arður.

1. Arð, sem félag heimilisfast í samningsríki greiðir aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Slíkan arð má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem félagið, sem greiðir arðinn, er heimilisfast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé raunverulegur eigandi arðsins heimilisfastur í hinu samningsríkinu skal skatturinn, sem þannig er á lagður, eigi vera hærri en:

a) 5 af hundraði af vergri fjárhæð arðsins ef raunverulegi eigandinn er félag sem á beint að minnsta kosti 10 af hundraði eignarhluti í félaginu sem greiðir arðinn,

b) 15 af hundraði af vergri fjárhæð arðsins í öllum öðrum tilvikum.

Þessi málsgrein skal engin áhrif hafa á skattlagningu félagsins að því er varðar þann hagnað sem arður er greiddur af.

3. Ákvæði a-liðar 2. mgr. gilda ekki er um ræðir arð sem eftirlitsskylt fjárfestingarfélag (RIC) eða fasteignaumsýslufélag (REIT) greiðir. Ákvæði b-liðar 2. mgr. gilda er um ræðir arð sem eftirlitsskylt fjárfestingarfélag greiðir. Ákvæði b-liðar 2. mgr. gilda heldur ekki ef um ræðir arð sem fasteignaumsýslufélag greiðir, nema:

a) raunverulegur eigandi arðsins sé maður sem á hlut í fasteignaumsýslufélaginu sem er 10 af hundraði eða minni;

b) arðurinn sé greiddur vegna flokks hlutabréfa sem stunduð eru opinber viðskipti með og raunverulegur eigandi arðsins sé aðili sem á hlut í einhverjum flokki hlutabréfa í fasteignaumsýslufélaginu sem er 5 af hundraði eða minni; eða

c) raunverulegur eigandi arðsins sé aðili sem á hlut í fasteignaumsýslufélaginu, sem er 10 af hundraði eða minni, og fasteignaumsýslufélagið sé fjölþætt.

Reglur þessarar málsgreinar gilda og um arð sem félög, sem hafa heimilisfesti á Íslandi og svipar til bandarísku félaganna er um getur í þessari málsgrein, greiða. Ákvörðun um hvort félögum með heimilisfesti á Íslandi svipi til þeirra bandarísku félaga er um getur í þessari málsgrein skal tekin með gagnkvæmu samkomulagi bærra stjórnvalda.

4. Þrátt fyrir ákvæði 2. eða 3. mgr. skal ekki skattleggja arð í samningsríkinu þar sem félagið, sem greiðir arðinn, hefur heimilisfesti sé hinn raunverulegi eigandi arðsins heimilisfastur í hinu samningsríkinu og falli undir a- eða b-lið 2. mgr. 4. gr. (Heimilisfastur aðili), að því tilskildu að slíkur arður sé ekki af starfsemi sem lífeyriskerfi eða stofnun, sem annast kjör starfsmanna og þar er getið, hafa með höndum beint eða óbeint.

5. Hugtakið „arður" merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum eða öðrum réttindum, sem ekki eru skuldakröfur, er veita rétt til hlutdeildar í hagnaði, svo og tekjur sem farið er með við skattlagningu á sama hátt og tekjur af hlutabréfum samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem greiðandinn er heimilisfastur.

6. Ákvæði 1.- 4. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi arðsins er heimilisfastur í samningsríki og hefur með höndum starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem félagið, sem greiðir arðinn, er heimilisfast og hlutareignin, sem arðurinn er greiddur af, er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. (Hagnaður af atvinnurekstri) gilda.

7. Samningsríki getur ekki skattlagt arð sem aðili heimilisfastur í hinu ríkinu greiðir, nema að því leyti sem arðurinn er greiddur aðila heimilisföstum í fyrrnefnda ríkinu, eða arðurinn er rekjanlegur til fastrar atvinnustöðvar, né heldur skattlagt óúthlutaðan hagnað hlutafélags, með þeim undantekningum sem kveðið er á um í 8. mgr. Þetta gildir jafnt þótt arðurinn sem greiddur er eða óúthlutaði hagnaðurinn sé, að öllu eða nokkru leyti, hagnaður eða tekjur sem myndast hafa í því ríki.

8. Félagi með heimilisfesti í öðru ríkinu og fasta atvinnustöð í hinu ríkinu, eða sem er skattskylt í hinu ríkinu á hreinum grunni að því er varðar tekjur þess sem heimilt er að skattleggja í hinu ríkinu skv. 6. gr. (Tekjur af fasteign) eða skv. 1. mgr. 13. gr. (Söluhagnaður af eignum), kann að vera skylt að greiða skatt í síðarnefnda ríkinu til viðbótar sköttum sem heimilt er að leggja á samkvæmt öðrum ákvæðum þessa samnings. Heimilt er, samt sem áður, að leggja fyrrnefndan skatt einvörðungu á þann hluta af hagnaði af þeirri starfsemi félagsins sem rekja má til hinnar föstu atvinnustöðvar og þann hluta af þeim tekjum er um getur í málsliðnum hér að framan og eru skattskyldar skv. 6. gr. eða 1. mgr. 13. gr. sem, í tilviki Bandaríkjanna, sýna þá fjárhæð fyrrnefnds

hagnaðar eða tekna sem er jafngild arðinum og, í tilviki Íslands, eru fjárhæð sem samsvarar fjárhæð sem er jafngild arðinum.

9. Álagður skattur, er um getur í 8. mgr., skal ekki vera hærri en sem nemur þeirri hundraðstölu sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr.

11. gr.

Vextir.

1. Vexti, sem myndast í samningsríki og eru raunverulega í eigu aðila, sem er heimilisfastur í hinu samningsríkinu, skal einungis skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið „vextir" merkir í þessari grein tekjur af hvers konar skuldakröfum, hvort sem þær eru tryggðar með veði í fasteign eða ekki og hvort sem þeim fylgir réttur til hlutdeildar í hagnaði skuldunautar eða ekki og tekur hugtakið sérstaklega til tekna af ríkisverðbréfum og tekna af skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum, þar með talinn gengismunur og vinningar tengdir slíkum verðbréfum, skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum, svo og annarra tekna sem fá sömu skattameðferð og tekjur af peningalánum samkvæmt skattalöggjöf þess samningsríkis þar sem tekjurnar myndast. Tekjur sem er fjallað um í 10. gr. (Arður) og dráttarvextir og kostnaður vegna greiðsludráttar teljast ekki vextir að því er varðar þessa grein.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi vaxtanna er heimilisfastur í samningsríki og hefur með höndum starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem vextirnir myndast og skuldakrafan, sem vextirnir eru greiddir af, er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. (Hagnaður af atvinnurekstri) gilda.

4. Þegar vaxtafjárhæðin er hærri, miðað við þá skuldakröfu sem hún er greidd af, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, en vaxtafjárhæðin, sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin, sem umfram er, áfram skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu viðeigandi tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

5. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.:

a) er einnig heimilt að skattleggja vexti sem aðili heimilisfastur í samningsríki greiðir og eru ákvarðaðir með hliðsjón af inngreiðslum, sölu, tekjum, hagnaði eða annars konar sjóðstreymi skuldarans eða tengds aðila, með hliðsjón af breytingum á verðmæti eigna skuldarans eða tengds aðila eða af arði, úthlutun sameignarfélags eða svipaðri greiðslu sem skuldarinn innir af hendi til tengds aðila, í því samningsríki, þar sem þeir myndast, og samkvæmt lögum þess ríkis, en sé raunverulegur eigandi heimilisfastur í hinu samningsríkinu er óheimilt að skattleggja verga fjárhæð vaxtanna með hærri hundraðstölu en þeirri sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 10. gr. (Arður); og

b) er hvoru ríki um sig heimilt að skattleggja eignaaukningu vegna vaxta umfram reglulega vexti af skuldabréfum í fasteignatryggðum fjárfestingasjóðum samkvæmt landslögum sínum.

12. gr.

Þóknanir.

1. Þóknanir, sem myndast í samningsríki og eru raunverulega í eigu aðila sem er heimilisfastur í hinu samningsríkinu, má einungis skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er einnig heimilt að skattleggja áðurnefndar þóknanir í því samningsríki þar sem þær myndast ef þær eru endurgjald fyrir afnot eða rétt til afnota af

a) vörumerki og hvers konar upplýsingum um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda sem eru látin í té í tengslum við leigu- eða sérleyfissamning sem tekur til réttar til þess að nota vörumerki, eða

b) kvikmynd eða verki á filmu eða myndbandi eða sem fjölfölduð eru með öðrum hætti til notkunar í tengslum við sjónvarp,

en skattur, sem þannig er lagður á, skal ekki vera yfir 5 hundraðshlutum af vergri fjárhæð þeirra þóknana er um ræðir.

3. Hugtakið „þóknanir" merkir í þessari grein hvers konar greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til afnota af hvers konar höfundarrétti á verkum á sviði bókmennta, lista eða vísinda eða öðrum verkum (þar með töldum tölvuhugbúnaði og kvikmyndum), hvers konar einkaleyfum, vörumerkjum, mynstri eða líkani, áætlun, leynilegri formúlu eða framleiðsluaðferð, eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi þóknananna er heimilisfastur í samningsríki og hefur með höndum starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem þóknanirnar myndast og réttindin eða eignin, sem gefur af sér þóknanirnar, er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. (Hagnaður af atvinnurekstri) gilda.

5. Í þessari grein:

a) skulu þóknanir taldar myndast í samningsríki þegar greiðandinn er heimilisfastur í því ríki. Ef sá aðili sem þóknanirnar greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í samningsríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð í ríki og skyldan til að greiða þóknanirnar er tengd hinni föstu atvinnustöð, og þóknanirnar eru gjaldfærðar hjá hinni föstu atvinnustöð, skulu þær þó taldar myndast í því ríki þar sem hin fasta atvinnustöð er staðsett en ekki í öðru ríki þar sem greiðandinn er heimilisfastur;

b) ef ekki er hægt að leiða það af a-lið að þóknanirnar hafi myndast í öðru hvoru samningsríkinu og séu þær greiddar fyrir afnot eða rétt til afnota, í öðru samningsríkinu, af sérhverri eign eða rétti, sem er lýst í 3. mgr., skulu þóknanirnar taldar myndast í því ríki.

6. Ef fjárhæð þóknananna er, miðað við þau afnot, réttindi eða upplýsingar sem þær eru greiðsla fyrir vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, hærri en sú fjárhæð sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin, sem umfram er, vera áfram skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu tilhlýðilegu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

13. gr.

Söluhagnaður af eignum.

1. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hlýtur af sölu fasteignar sem staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Í þessari grein er merking hugtaksins „fasteign sem staðsett er í hinu samningsríkinu“ sem hér segir:

a) fasteign sem um getur í 6. gr. (Tekjur af fasteign);

b) réttur til verðmæta sem verða til við rannsóknir eða hagnýtingu á hafsbotni og botnlögum í því ríki og náttúruauðlinda þeirra, þar með talinn réttur til hlutar í eða ágóða af slíkum verðmætum;

c) ef ríkið er Bandaríkin, hlutur í fasteign í Bandaríkjunum; og

d) ef ríkið er Ísland,

i) hlutabréf, þar með talinn réttur til þess að kaupa hlutabréf, önnur en hlutabréf sem ganga kaupum og sölum í kauphöllum, ef rekja má verðmæti þeirra, að öllu eða verulegu leyti, beint eða óbeint, til fasteignar sem er staðsett á Íslandi; og

ii) hlutur í sameignarfélagi eða fjárvörslusjóði, að því marki sem eignirnar í því félagi eða þeim sjóði eru fasteignir staðsettar á Íslandi eða hlutabréf er um getur í i-lið þessarar málsgreinar.

3. Hagnað, sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild).

4. Hagnað, sem fyrirtæki í samningsríki hlýtur af sölu skipa, loftfara eða gáma sem notaðir eru í flutningum á alþjóðaleiðum, eða af fjármunum einstaklinga sem tengjast rekstri eða notkun slíkra skipa, loftfara eða gáma, má einungis skattleggja í því ríki.

5. Hagnaður, sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í undanfarandi málsgreinum, skal einungis skattlagður í því samningsríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

6. Ákvæði 5. mgr. skulu ekki hafa áhrif á rétt hvors samningsríkis um sig til að skattleggja, samkvæmt landslögum, hagnað sem einstaklingur hlýtur af sölu hlutabréfa eða réttinda í félagi, þar sem eignum er skipt að öllu leyti eða að hluta til í hluti, er telst vera heimilisfast í því ríki

samkvæmt lögum þess ríkis, enda sé einstaklingurinn heimilisfastur í hinu samningsríkinu og hafi verið heimilisfastur í fyrrnefnda ríkinu á næstliðnum fimm árum fyrir sölu hlutabréfanna eða réttindanna.

14. gr.

Atvinnutekjur.

1. Með þeim undantekningum sem um ræðir í 15. gr. (Stjórnarlaun), 17. gr. (Eftirlaun, almannatryggingar og lífeyrisgreiðslur) og 18. gr. (Opinber þjónusta) skulu laun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sitt, einungis skattlögð í því ríki, nema starfið sé leyst af hendi í hinu samningsríkinu. Ef starfið er leyst þar af hendi má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sem hann leysir af hendi í hinu samningsríkinu, einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu ef:

a) viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili sem hefst eða lýkur á viðkomandi reiknings- eða skattári, og

b) endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem er ekki heimilisfastur í hinu ríkinu, og

c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð sem vinnuveitandinn hefur í hinu ríkinu.

3. Þrátt fyrir undanfarandi ákvæði þessarar greinar skal einungis skattleggja endurgjald sem er lýst í 1. mgr. og aðili heimilisfastur í samningsríki hefur vegna starfs sem reglulegur áhafnarmeðlimur skips eða loftfars sem er notað í flutningum á alþjóðaleiðum, í því ríki.

15. gr.

Stjórnarlaun.

Stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir setu í stjórn félags sem er heimilisfast í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

16. gr.

Listamenn og íþróttamenn.

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í samningsríki aflar í hinu samningsríkinu með störfum sínum sem skemmtikraftur, svo sem leikari í leikhúsi eða kvikmyndum, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi, eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, það er tekjur sem myndu vera undanþegnar skatti í síðarnefnda samningsríkinu samkvæmt ákvæðum 7. gr. (Hagnaður af atvinnurekstri) og 14. gr. (Atvinnutekjur), má skattleggja í síðarnefnda ríkinu, enda fari

brúttótekjur fyrrnefnds skemmtikrafts eða íþróttamanns, þar með talin útgjöld endurgreidd honum eða sem hann ber sjálfur vegna áðurnefndra starfa, ekki yfir tuttugu þúsund Bandaríkjadali (USD 20.000) eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum á viðkomandi skattári.

2. Ef tekjur af starfi, sem skemmtikraftur eða íþróttamaður leysir af hendi sem slíkur, renna ekki til skemmtikraftsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila má, þrátt fyrir ákvæði 7. gr. (Hagnaður af atvinnurekstri), skattleggja tekjurnar í því samningsríki þar sem starf skemmtikraftsins eða íþróttamannsins er leyst af hendi, nema fyrrnefndur annar aðili sýni fram á að hvorki skemmtikrafturinn eða íþróttamaðurinn né aðilar sem tengjast honum eigi með nokkrum hætti hlutdeild í hagnaði fyrrnefnds annars aðila, beint eða óbeint, þar með talin viðtaka fyrirfram innheimts endurgjalds, ágóðahlutdeildar, gjalda, arðs, úthlutana sameignarfélags eða annarra úthlutana.

17. gr.

Eftirlaun, almannatryggingar og lífeyrisgreiðslur.

1. Með þeim undantekningum sem um ræðir í 2. mgr. 18. gr. (Opinber þjónusta) skulu eftirlaun og annað svipað endurgjald, sem greidd eru aðila heimilisföstum í samningsríki vegna fyrri starfa hans, einungis skattlögð í því ríki.

2. Greiðslur, sem samningsríki innir af hendi samkvæmt almannatryggingalöggjöf eða svipaðri löggjöf sinni til aðila sem er heimilisfastur í hinu samningsríkinu eða til bandarísks ríkisborgara skulu, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr, einungis skattlagðar í fyrrnefnda ríkinu.

3. Lífeyrisgreiðslur, sem maður heimilisfastur í samningsríki fær og eru raunverulega í eigu hans, skulu einungis skattlagðar í því ríki. Með hugtakinu „lífeyrisgreiðslur", eins og það er notað í þessari málsgrein, er átt við tilgreinda fjárhæð sem er greidd reglubundið á tilgreindum tímapunktum á tilgreindum árafjölda samkvæmt skuldbindingu um greiðslur gegn fullnægjandi og fullu endurgjaldi (öðru en veittri þjónustu).

4. Ef aðili heimilisfastur í samningsríki er rétthafi í lífeyriskerfi, sem hefur heimilisfesti í hinu samningsríkinu, er einungis heimilt að skattleggja tekjur, sem er aflað en lífeyriskerfið úthlutar ekki, í fyrrnefnda ríkinu á þeim tíma og, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr., að því marki sem úthlutunin kemur frá lífeyriskerfinu.

18. gr.

Opinber þjónusta.

1. a) Laun og annað svipað endurgjald, að undanskildum eftirlaunum sem greidd eru úr pinberum sjóðum samningsríkis eða sjálfsstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfsstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar, skulu einungis skattlögð í því ríki.

b) Slík laun og annað svipað endurgjald skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef starfið er leyst þar af hendi og maðurinn er heimilisfastur í því ríki og:

i) er ríkisborgari þess ríkis, eða

ii) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að leysa þetta starf af hendi.

2. a) Eftirlaun, sem eru greidd af eða úr sjóðum stofnuðum af samningsríki eða sjálfsstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfsstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar (önnur en greiðslur sem ákvæði 2. mgr. 17. gr. (Eftirlaun, almannatryggingar og lífeyrisgreiðslur) gildir um), skulu einungis skattlögð í því ríki.

b) Slík eftirlaun skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef maðurinn er heimilisfastur þar og er jafnframt ríkisborgari þess ríkis.

3. Ákvæði 14. gr. (Atvinnutekjur), 15. gr. (Stjórnarlaun), 16. gr. (Listamenn og íþróttamenn) og 17. gr. (Eftirlaun, almannatryggingar og lífeyrisgreiðslur) gilda um laun og annað svipað endurgjald og um eftirlaun sem greidd eru fyrir störf leyst af hendi í tengslum við atvinnurekstur á vegum samningsríkis eða sjálfsstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess.

19. gr.

Námsmenn og lærlingar.

1. a) Maður, sem er heimilisfastur í öðru samningsríkinu og dvelur tímabundið í hinu samningsríkinu og megintilgangur dvalar hans þar er

i) að nema við háskóla eða aðra viðurkennda menntastofnun í síðarnefnda samningsríkinu, eða

ii) að verða sér úti um þjálfun til þess að teljast fullgildur til þess að gegna starfi eða stunda sérfræðigrein, eða

iii) að nema eða stunda rannsóknir með styrk, framlagi eða verðlaunum frá ríkis-, trúar-, góðgerðar-, vísinda-, bókmennta- eða menntastofnun,

skal undanþeginn skatti í síðarnefnda samningsríkinu að því er varðar fjárhæðir sem er lýst í b-lið, í lengst fimm skattár frá þeim degi er hann kemur til þess samningsríkis.

b) Þær fjárhæðir er um getur í a-lið eru:

i) gjafir utanlands frá sem gera honum kleift að sjá sér farborða, stunda nám eða rannsóknir eða öðlast þjálfun;

ii) styrkurinn, framlagið eða verðlaunin; og

iii) tekjur af þjónustu, sem hann veitir í síðarnefnda samningsríkinu, sem eru ekki hærri en níu þúsund Bandaríkjadalir (USD 9.000) eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum á hverju skattári.

2. Maður, sem er heimilisfastur í öðru samningsríkinu og dvelur tímabundið í hinu samningsríkinu sem starfsmaður aðila, sem er heimilisfastur í fyrrnefnda samningsríkinu, eða samhliða því að vera samningsbundinn honum, og megintilgangur dvalar hans þar er:

a) að afla sér reynslu á sviði tækni, innan starfsgreinar eða í viðskiptum hjá aðila, öðrum en þeim sem er heimilisfastur í fyrrnefnda samningsríkinu eða öðrum en aðila sem er tengdur fyrrnefndum heimilisföstum aðila, eða

b) að nema við háskóla eða aðra viðurkennda menntastofnun í síðarnefnda samningsríkinu, skal vera undanþeginn skatti í síðarnefnda samningsríkinu á samfelldu 12 mánaða tímabili að því er varðar tekjur af þjónustu, sem hann veitir, samtals að fjárhæð sem er ekki hærri en níu þúsund Bandaríkjadalir (USD 9.000) eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum.

3. Maður, sem er heimilisfastur í öðru samningsríkinu og dvelur tímabundið í hinu samningsríkinu skemur en eitt ár sem þátttakandi í áætlun sem stjórnvöld í síðarnefnda samningsríkinu kosta og megintilgangur dvalar hans þar er að öðlast þjálfun, stunda rannsóknir eða nám, skal undanþeginn skatti í síðarnefnda samningsríkinu að því er varðar tekjur af þjónustu sem hann veitir, sem tengist fyrrnefndri þjálfun, rannsóknum eða námi, í síðarnefnda samningsríkinu, samtals að fjárhæð sem er ekki hærri en níu þúsund Bandaríkjadalir (USD 9.000) eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum.

20. gr.

Aðrar tekjur.

1. Tekjur, sem eru raunverulega í eigu aðila heimilisfasts í samningsríki og ekki er fjallað um í fyrri greinum samnings þessa, skulu einungis skattlagðar í því ríki og skiptir þá ekki máli hvar þeirra er aflað.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um tekjur, að undanskildum tekjum af fasteign eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 6. gr. (Tekjur af fasteign), ef raunverulegur eigandi teknanna er heimilisfastur í samningsríki og hefur með höndum starfsemi í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð sem þar er staðsett og réttindin eða eignin, sem gefur af sér tekjurnar, er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. (Hagnaður af atvinnurekstri) gilda.

21. gr.

Takmarkanir sem gilda um ávinning.

1. Aðili heimilisfastur í samningsríki á rétt á ávinningi sem samningur þessi veitir aðilum heimilisföstum í samningsríki, þó aðeins að því marki sem kveðið er á um í þessari grein.

2. Aðili heimilisfastur í samningsríki á rétt á öllum ávinningi sem samningur þessi veitir sé hann:

a) maður;

b) samningsríki eða sjálfsstjórnarhérað eða sveitarstjórn þess;

c) félag ef:

i) viðskipti með meginflokk hlutabréfa í því eru stunduð í viðurkenndri kauphöll eða kauphöllum og

A) viðskipti með meginflokk hlutabréfa í því eru aðallega stunduð í viðurkenndri kauphöll sem er staðsett í því samningsríki þar sem félagið hefur heimilisfesti; eða

B) höfuðaðsetur stjórnar félagsins er í því samningsríki þar sem það hefur heimilisfesti; eða

ii) að minnsta kosti helmingur heildaratkvæða og að minnsta kosti helmingur heildarverðmætis hlutabréfa í félaginu eru í beinni eða óbeinni eigu fimm eða færri félaga sem ber réttur til ávinnings skv. i-lið þessa stafliðar, að því tilskildu, er um ræðir óbeint eignarhald, að sérhver millistigseigandi sé aðili heimilisfastur í öðru hvoru samningsríkinu;

d) aðili sem er lýst í 2. mgr. 4. gr. (Heimilisfastur aðili) samnings þessa, að því tilskildu, ef um ræðir aðila sem er lýst í a- eða b-lið þeirrar málsgreinar, að yfir helmingur rétthafa, meðlima eða þátttakenda aðilans séu menn heimilisfastir í öðru hvoru samningsríkinu; eða

e) aðili, annar en maður, ef:

i) að minnsta kosti helmingur sérhvers flokks hlutabréfa eða annarra raunverulegra hluta í aðilanum er, á minnst helmingi skattársins, í beinni eða óbeinni eigu aðila heimilisfastra í því ríki sem ber réttur til ávinnings sem samningur þessi veitir skv. a-lið, b-lið, i-lið c-liðar eða d-lið þessarar málsgreinar, að því tilskildu, er um ræðir óbeint eignarhald, að sérhver millistigseigandi sé aðili heimilisfastur í því samningsríki; og

ii) minna en helmingur bruttótekna aðilans á skattárinu, eins og þær eru ákveðnar í því ríki þar sem aðilinn er heimilisfastur, er greiddur eða rennur, beint eða óbeint, til aðila sem eru ekki heimilisfastir í öðru hvoru samningsríkinu og ber réttur til ávinnings sem samningur þessi veitir skv. a-lið, b-lið, i-lið c-liðar eða d-lið þessarar málsgreinar í formi greiðslna sem eru frádráttarbærar vegna skatta sem samningur þessi tekur til í því ríki þar sem aðilinn er heimilisfastur (að frátöldum greiðslum, eins og milli ótengdra aðila í venjulegum viðskiptum, fyrir þjónustu eða áþreifanlegar eignir og greiðslum vegna fjárhagslegra skuldbindinga gagnvart banka, að því tilskildu, hafi bankinn ekki heimilisfesti í samningsríki, að fyrrnefnd greiðsla verði rakin til fastrar atvinnustöðvar bankans sem er staðsett í öðru hvoru samningsríkinu).

3. a) Félag heimilisfast í samningsríki á einnig rétt á öllum ávinningi sem samningurinn veitir ef:

i) að minnsta kosti 95% heildaratkvæða og að minnsta kosti 95% verðmætis allra hlutabréfa í því eru í beinni eða óbeinni eigu sjö eða færri aðila sem eru heimilisfastir í aðildarríkjum Evrópusambandsins eða Evrópska efnahagssvæðisins, eða eru aðilar að fríverslunarsamningi Norður-Ameríku eða fríverslunarsamningi Evrópu, og uppfylla, í öllum tilvikum, kröfur b-liðar, eða einhverjar samsetningar þessa; og

ii) minna en helmingur vergra tekna félagsins á skattárinu er greiddur eða rennur, í formi frádráttarbærra greiðslna, beint eða óbeint, til aðila sem eru ekki heimilisfastir í aðildarríkjum Evrópusambandsins eða Evrópska efnahagssvæðisins, eða aðila að fríverslunarsamningi Norður-Ameríku eða fríverslunarsamningi Evrópu, og uppfylla, í öllum tilvikum, kröfur b-liðar, eða einhverjar samsetningar þessa.

b) Að því er varðar a-lið mun aðili hljóta meðferð sem væri hann aðili heimilisfastur í aðildarríki Evrópusambandsins eða Evrópska efnahagssvæðisins, eða aðili að fríverslunarsamningi Norður-Ameríku eða fríverslunarsamningi Evrópu, því aðeins að hann:

i) sé aðili heimilisfastur í samningsríki sem ber réttur til þess ávinnings sem samningur þessi veitir skv. a-lið, b-lið, i-lið c-liðar eða d-lið 2. mgr.; eða

ii) A) myndi eiga rétt á ávinningi samkvæmt heildarsamningi um tekjuskatta sem er í gildi milli aðildarríkis Evrópusambandsins eða Evrópska efnahagssvæðisins eða aðila að fríverslunarsamningi Norður-Ameríku eða fríverslunarsamningi Evrópu og þess samningsríkis sem ávinnings samkvæmt samningnum er krafist frá, í samræmi við a-lið, b-lið, i-lið c-liðar eða d-lið 2. mgr., að því tilskildu að innihaldi fyrrnefndur heildarsamningur ekki grein, sem fjallar í heild um takmarkanir sem gilda um ávinning, myndi aðilanum bera réttur til þess ávinnings sem samningur þessi veitir skv. a-lið, b-lið, i-lið c-liðar eða d-lið 2. mgr. ef sá aðili væri aðili heimilisfastur í öðru hvoru samningsríkinu skv. 4. gr. (Heimilisfastur aðili) samnings þessa; og

B) að því er varðar tekjur er um getur í 10. gr. (Arður), 11. gr. (Vextir) eða 12. gr. (Þóknanir), myndi eiga rétt samkvæmt samningnum, er um getur í ii-lið þessa stafliðar, á skatthlutfalli, að því er varðar þann tekjuflokk sem ávinnings er krafist vegna samkvæmt samningi þessum, sem væri að minnsta kosti jafnlágt og það hlutfall sem gildir samkvæmt samningi þessum.

4. a) Aðili heimilisfastur í samningsríki mun eiga rétt á ávinningi sem samningur þessi veitir að því er varðar tekjulið sem kemur frá hinu ríkinu, án tillits til þess hvort sá aðili á rétt á ávinningi skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar eður ei, ef hann stundar virk viðskipti eða starfsemi í fyrrnefnda ríkinu (aðra en starfsemi sem lýtur að því að stunda eða stýra fjárfestingum í þágu aðilans sjálfs, nema starfsemin sé á sviði bankaviðskipta, vátrygginga eða verðbréfaviðskipta sem banki, vátryggingafélag eða löggiltur verðbréfamiðlari stundar), og tekjurnar sem koma frá hinu samningsríkinu verða til í

tengslum við eða eru samfara þeim viðskiptum eða starfsemi og aðilinn uppfyllir sérhver önnur skilyrði fyrir því að hljóta slíkan ávinning.

b) Ef aðili heimilisfastur í samningsríki eða einhver fyrirtæki honum tengd stunda viðskipti eða starfsemi í hinu samningsríkinu, sem skapa tekjulið, gilda ákvæði a-liðar þessarar málsgreinar því aðeins um þann tekjulið að viðskiptin eða starfsemin í síðarnefnda ríkinu sé umtalsverð með hliðsjón af viðskiptum eða starfsemi í fyrrnefnda ríkinu. Ákvörðun um hvort viðskipti eða starfsemi sé umtalsverð að því er þessa málsgrein varðar skal byggð á öllum staðreyndum og aðstæðum.

c) Þegar ákvarða skal hvort aðili „stundi virk viðskipti eða starfsemi" í samningsríki skv. a-lið þessarar málsgreinar skal litið svo á að starfsemi, sem fer fram á vegum sameignarfélags sem sá aðili á aðild að, og starfsemi á vegum aðila, sem eru tengdir fyrrnefndum aðila, fari fram á vegum þess aðila. Aðili telst vera tengdur öðrum aðila ef annar á að minnsta kosti helming raunverulegs hlutar í hinum (eða, ef um félag er að ræða, fer með að minnsta kosti helming heildaratkvæða og á að minnsta kosti helming heildarverðmætis hlutabréfa í félaginu eða raunverulegs hlutar í því) eða annar aðili á, beint eða óbeint, að minnsta kosti helming raunverulegrar eignarhlutdeildar (eða, ef um félag er að ræða, fer með að minnsta kosti helming heildaratkvæða og á að minnsta kosti helming heildarverðmætis hlutabréfa í félaginu eða raunverulegrar eignarhlutdeildar í því) í hverjum og einum aðila. Aðili skal í öllum tilvikum talinn tengdur öðrum aðila ef, að teknu tilliti til allra staðreynda og aðstæðna er máli skipta, annar hefur yfirráð yfir hinum eða báðir lúta yfirráðum sama eða sömu aðila.

5. Þegar fyrirtæki í samningsríki fær tekjur frá hinu samningsríkinu og rekja má þær tekjur til fastrar atvinnustöðvar, sem fyrirtækið hefur í lögsögu þriðja ríkis, munu, þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar, þær skattaívilnanir sem annars myndu gilda samkvæmt hinum ákvæðum samningsins ekki gilda um neinn tekjulið ef samanlagður skattur, sem er greiddur í raun og veru af slíkum tekjum í fyrrnefnda ríkinu og í lögsögu þriðja ríkis, er undir 60 hundraðshlutum þess skatts sem skylt hefði verið að greiða í fyrrnefnda ríkinu hefði fyrirtækið aflað teknanna í því ríki og þær ekki verið raktar til fastrar atvinnustöðvar í lögsögu þriðja ríkis. Allur arður, vextir eða þóknanir, sem ákvæði þessarar málsgreinar gilda um, skulu skattskyldar í hlutfalli sem er ekki hærra en 15 hundraðshlutar af vergri fjárhæð þeirra. Allar aðrar tekjur, sem ákvæði þessarar málsgreinar gilda um, munu skattskyldar samkvæmt ákvæðum landslaga síðarnefnda samningsríkisins, þrátt fyrir önnur ákvæði samningsins. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki ef:

a) þegar um ræðir þóknanir, tekið er við þóknunum sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til afnota af óáþreifanlegri eign sem fasta atvinnustöðin sjálf framleiðir eða þróar; eða

b) þegar um ræðir allar aðrar tekjur, þær tekjur, sem koma frá síðarnefnda samningsríkinu, verða til vegna tengsla við eða eru samfara virkum viðskiptum eða starfsemi hinnar föstu atvinnustöðvar í lögsögu þriðja ríkis (annarri en starfsemi sem lýtur að því að stunda, stýra eða einfaldlega halda utan um fjárfestingar í þágu aðilans sjálfs, nema

starfsemin sé á sviði bankaviðskipta eða verðbréfaviðskipta sem banki eða löggiltur verðbréfamiðlari stundar).

6. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar og ef félag sem er aðili heimilisfastur í samningsríki, eða félag sem stjórnar slíku félagi beint eða óbeint, á útistandandi flokk hlutabréfa

a) sem er bundinn skilmálum eða annarri tilhögun sem veitir handhöfum hans hlutdeild í tekjum félagsins sem koma frá hinu samningsríkinu og eru hærri en sá hlutur sem fyrrnefndir handhafar myndu fá án slíkra skilmála eða tilhögunar („ósamsvarandi hluti teknanna"), og

b) helmingur hans eða meira er í eigu aðila sem ber ekki réttur til ávinnings skv. 2. mgr. þessarar greinar,

skal ávinningur, sem samningur þessi veitir, ekki gilda um hinn ósamsvarandi hluta teknanna.

7. Aðila heimilisföstum í samningsríki sem ber ekki réttur til ávinnings samkvæmt framangreindum málsgreinum þessarar greinar skal engu að síður veittur ávinningur samkvæmt samningnum komist bært stjórnvald í hinu samningsríkinu að þeirri niðurstöðu að eitt af meginmarkmiðum með stofnun, kaupum eða viðhaldi slíks aðila og rekstri hans hafi ekki verið að öðlast ávinning samkvæmt samningnum. Bært stjórnvald í síðarnefnda samningsríkinu skal eiga samráð við bært stjórnvald í fyrrnefnda ríkinu áður en það neitar aðila um ávinning samkvæmt samningnum, eins og mælt er fyrir um í þessari málsgrein.

8. a) Hugtakið „meginflokkur hlutabréfa" merkir í þessari grein almenna eða algenga hluti í félagi, að því tilskildu að meirihluti atkvæðamagns í félaginu og verðmætis þess sé að baki slíkum flokki hluta. Ef meirihluti heildaratkvæðamagns í félaginu og verðmætis þess er ekki að baki neinum einum flokki almennra eða algengra hlutabréfa er „meginflokkur hlutabréfa" sá flokkur eða flokkar sem samanlagt hafa að baki sér meirihluta heildaratkvæðamagns í félaginu og verðmætis þess;

b) Að því er þessa grein varðar merkir hugtakið „viðurkennd kauphöll":

i) NASDAQ-netið í eigu Landssamtaka verðbréfasala (National Association of Securities Dealers, Inc.) og sérhverja kauphöll sem er skráð hjá Verðabréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna (U.S. Securities and Exchange Commission) sem innlend verðbréfamiðlun samkvæmt bandarísku verðbréfamiðlunarlögunum frá 1934;

ii) Kauphöll Íslands;

iii) kauphallirnar í Amsterdam, Brussel, Kaupmannahöfn, Frankfurt, Hamborg, Helsinki, London, Ósló, París, Stokkhólmi, Sydney, Tókýó og Tórontó; og

iv) sérhverja aðra kauphöll sem bær stjórnvöld í báðum samningsríkjunum samþykkja.

c) Að því er þessa grein varðar verður höfuðaðsetur stjórnar félags því aðeins í því ríki þar sem það hefur heimilisfesti að yfirmenn og háttsettir stjórnendur vinni dagleg störf sín í þágu félagsins (þar með talinna dótturfélaga í beinni og óbeinni eigu þess) á sviði stefnumörkunar viðvíkjandi áætlunum, fjármálum og rekstri í ríkari mæli í því ríki en í

nokkru öðru ríki og að starfsliðið vinni dagleg störf sín, sem eru nauðsynleg til þess að undirbúa og taka fyrrnefndar ákvarðanir, í ríkari mæli í því ríki en í nokkru öðru ríki.

22. gr.

Aðferðir til að komast hjá tvísköttun.

1. Í samræmi við ákvæði og með fyrirvara um takmarkanir löggjafar Bandaríkjanna (eins og henni kann að verða breytt á hverjum tíma án þess þó að meginreglum hennar sé breytt) skulu Bandaríkin heimila að aðilar heimilisfastir í Bandaríkjunum eða ríkisborgarar þess lands geti lagt fram sem frádrátt frá tekjuskatti í Bandaríkjunum:

a) tekjuskatt sem er greiddur Íslandi eða rennur til Íslands í nafni fyrrnefnds ríkisborgara eða heimilisfasts aðila; og

b) tekjuskatt, sem greiðandinn greiðir Íslandi eða rennur til Íslands í hans nafni, af þeim hagnaði sem arðurinn er greiddur af, ef um ræðir bandarískt félag sem á að minnsta kosti 10 hundraðshluta af hlutabréfum með atkvæðisrétti í félagi sem er heimilisfast á Íslandi og bandaríska félagið fær arð frá.

Að því er varðar þessa málsgrein teljast skattar, er um getur í a-lið 3. mgr. og 4. mgr. 2. gr. (Skattar sem samningurinn tekur til), tekjuskattar.

2. Að því er varðar beitingu 1. mgr. þessarar greinar:

a) með fyrirvara um b-lið þessarar málsgreinar, telst liður vergra tekna, eins og kveðið er á um í bandarískum lögum, þ.e. tekna sem aðili heimilisfastur í Bandaríkjunum fær og er heimilt að skattleggja á Íslandi samkvæmt samningi þessum, vera tekjur upprunnar á Íslandi;

b) telst hagnaður, sem maður hlaut meðan hann var heimilisfastur í Bandaríkjunum og Bandaríkin skattleggja samkvæmt samningnum og sem kann einnig að vera skattlagður á Íslandi á grundvelli 5. mgr. 13. gr. (Söluhagnaður af eignum) einvörðungu, samt sem áður hagnaður upprunninn í Bandaríkjunum.

3. Í tilviki Íslands skal komast hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt:

a) hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur sem má skattleggja í Bandaríkjunum samkvæmt ákvæðum samnings þessa, skal Ísland heimila að fjárhæð þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í Bandaríkjunum sé dregin frá tekjuskatti þess aðila;

b) slíkur frádráttur skal þó aldrei vera hærri en sá hluti tekjuskattsins, reiknaður fyrir frádráttinn, sem lagður er á þær tekjur sem skattleggja má í Bandaríkjunum;

c) hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur, sem skulu einungis skattlagðar í Bandaríkjunum samkvæmt ákvæðum samnings þessa, getur Ísland fellt þær tekjur inn í skattstofn en skal heimila að sá hluti tekjuskattsins sem rekja má til þeirra tekna sem koma frá Bandaríkjunum sé dreginn frá tekjuskatti.

Að því er varðar þessa málsgrein teljast bandarískir skattar, er um getur í b-lið 3. mgr. og 4. mgr. 2. gr. (Skattar sem samningurinn tekur til), tekjuskattar og skal leyfilegt að draga þá frá íslenskum tekjuskatti.

4. Ef bandarískur ríkisborgari er heimilisfastur á Íslandi:

a) skal Ísland heimila, að því er varðar tekjuliði sem eru undanþegnir skatti í Bandaríkjunum samkvæmt ákvæðum samnings þessa eða sem lækkað skattahlutfall í Bandaríkjunum gildir um þegar aðili heimilisfastur á Íslandi, sem er ekki bandarískur ríkisborgari, aflar þeirra, að hægt sé að leggja fram sem frádrátt frá skatti á Íslandi einungis greidda skatta, ef um þá er að ræða, sem Bandaríkin geta lagt á samkvæmt ákvæðum samnings þessa, aðra en skatta sem heimilt er að leggja á einungis sakir ríkisfangs samkvæmt fyrirvara 4. mgr. 1. gr. (Almennt gildissvið);

b) skulu Bandaríkin heimila, í því skyni að reikna bandarískan skatt á þá tekjuliði er um getur í a-lið, að hægt sé að leggja fram sem frádrátt frá skatti í Bandaríkjunum tekjuskatt sem er greiddur á Íslandi, að frádregnum þeim afslætti er um getur í a-lið; sá afsláttur, sem þannig er heimilaður, skal ekki rýra þann hluta bandarískra skattsins sem hægt er að leggja fram sem frádrátt frá íslenska skattinum skv. a-lið; og

c) skulu tekjuliðir, er um getur í a-lið, í þeim einbera tilgangi að aflétta tvísköttun í Bandaríkjunum skv. b-lið, taldir upprunnir á Íslandi að því marki sem nauðsynlegt er til þess að komast hjá tvísköttun slíkra tekna skv. b-lið.

23. gr.

Bann við mismunun.

1. Ríkisborgarar samningsríkis skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu samningsríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða unnt er að láta þá sæta við sömu aðstæður, sérstaklega að því er varðar heimilisfesti. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. (Almennt gildissvið) gildir þetta ákvæði einnig um aðila sem eru hvorki heimilisfastir í öðru né báðum samningsríkjunum. Bandarískir ríkisborgarar, sem eru skattskyldir um heim allan, eru samt sem áður, að því er skattlagningu í Bandaríkjunum varðar, ekki í sömu aðstæðum og íslenskir ríkisborgarar sem eru ekki heimilisfastir í Bandaríkjunum.

2. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar, sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki í því ríki sem hafa sams konar starfsemi með höndum. Þetta ákvæði skal ekki skýra þannig að það skyldi samningsríki til að veita aðilum heimilisföstum í hinu samningsríkinu nokkurn þann persónufrádrátt, þær skattaívilnanir og skattalækkanir vegna borgaralegrar stöðu eða fjölskylduframfærslu sem það veitir þeim aðilum sem þar eru heimilisfastir.

3. Vextir, þóknanir og aðrar greiðslur, sem fyrirtæki í samningsríki greiðir til aðila heimilisfasts í hinu samningsríkinu, skulu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskylds hagnaðar fyrirtækisins með sömu skilyrðum og hefðu þær verið greiddar aðila heimilisföstum í fyrrnefnda

ríkinu, nema ákvæði 1. mgr. 9. gr. (Tengd fyrirtæki), 4. mgr. 11. gr. (Vextir) eða 6. mgr. 12. gr. (Þóknanir) eigi við. Á sama hátt skulu hvers konar skuldir fyrirtækis í samningsríki við aðila heimilisfastan í hinu samningsríkinu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskyldra eigna fyrirtækisins með sömu skilyrðum og ef til þeirra hefði verið stofnað við aðila heimilisfastan í fyrrnefnda ríkinu.

4. Þótt eignir fyrirtækja í samningsríki séu að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða undir stjórn eins eða fleiri aðila sem eru heimilisfastir í hinu samningsríkinu skulu þau ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum kröfum í því sambandi í fyrrnefnda ríkinu en fyrirtæki svipaðrar tegundar, sem eru heimilisföst í fyrrnefnda ríkinu, sæta eða unnt er að láta þau sæta.

5. Þessa grein skal ekki skýra þannig að hindri samningsríki í því að leggja á skatt eins og lýst er í 8. mgr. 10. gr. (Arður).

6. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. (Skattar sem samningurinn tekur til) skulu ákvæði þessarar greinar gilda um hvers konar skatta, hvaða nafni sem þeir nefnast, sem lagðir eru á af samningsríki eða sjálfsstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess.

24. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Ef aðili telur að ráðstafanir sem gerðar eru af öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum leiði til eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar, sem ekki er í samræmi við ákvæði þessa samnings, getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt þau réttarúrræði sem lög þessara ríkja kveða á um og óháð þeim tímamörkum sem mælt er fyrir um í þeim lögum til þess að setja fram kröfur um endurgreiðslu, lagt málið fyrir bært stjórnvald í hvoru ríkinu sem er.

2. Ef bært stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist, en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt, skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu samningsríkinu í því skyni að komast hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins. Slíkt samkomulag skal koma til framkvæmda óháð öllum tímamörkum eða annars konar takmörkun á málsmeðferð sem í gildi er samkvæmt landslögum samningsríkjanna.

3. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu leitast við að leysa með gagnkvæmu samkomulagi sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi túlkun eða beitingu samningsins. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum geta einkum komið sér saman um:

a) að sömu tekjur, frádráttur, afsláttur eða framlag fyrirtækis í samningsríki verði rakið til fastrar atvinnustöðvar þess sem er staðsett í hinu samningsríkinu;

b) sömu skiptingu tekna, frádráttar, afsláttar eða framlaga milli aðila;

c) sömu lýsingu tiltekinna tekjuliða, meðal annars sömu lýsingu á tekjum sem samkvæmt skattalöggjöf annars samningsríkisins er líkt við tekjur af hlutabréfum og farið er með sem ólíkan tekjuflokk í hinu ríkinu;

d) sömu lýsingu á aðilum;

e) að beita upprunareglum á sama hátt með tilliti til tiltekinna tekjuliða;

f) almenna merkingu hugtaks; og

g) beitingu ákvæða landslaga um viðurlög, sektir og vexti með þeim hætti að samrýmist markmiðum samningsins.

Þau geta einnig haft samráð í því skyni að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem ekki er fjallað um í samningnum.

4. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum geta haft beint samband sín á milli í því skyni að ná samkomulagi í samræmi við undanfarandi málsgreinar.

25. gr.

Upplýsingaskipti og stjórnsýsluaðstoð.

1. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu skiptast á upplýsingum sem máli skipta fyrir framkvæmd ákvæða samnings þessa eða landslaga varðandi skatta, hverju nafni sem þeir nefnast, sem samningsríkin leggja á, að því leyti sem viðkomandi skattlagning fer ekki í bága við samninginn, þar með taldar upplýsingar um álagningu eða innheimtu, fullnustu eða saksókn viðvíkjandi sköttum sem samningurinn tekur til eða um ákvarðanir í kærumálum vegna slíkra skatta. Skipti á upplýsingum takmarkast ekki við 1. mgr. 1. gr. (Almennt gildissvið) og 2. gr. (Skattar sem samningurinn tekur til). Með allar upplýsingar, sem samningsríki tekur við, skal fara sem trúnaðarmál á sama hátt og farið er með upplýsingar sem er aflað samkvæmt lögum þess ríkis, og skulu þær eingöngu afhentar aðilum eða stjórnvöldum (þar með taldir dómstólar og stjórnsýsluaðilar) sem hafa með höndum álagningu, innheimtu eða stjórnsýslu viðvíkjandi þeim sköttum sem um getur hér að framan eða fullnustu- eða ákæruvald varðandi þá skatta eða úrskurði um kærur vegna þeirra skatta eða hafa eftirlit með þessum þáttum. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu einungis nota upplýsingarnar í greindum tilgangi. Þeim er heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum.

2. Ef samningsríki fer fram á upplýsingar samkvæmt þessari grein skal hitt samningsríkið afla þeirra með sama hætti og að sama marki og væri skattheimta fyrrnefnda ríkisins þess eigin og væri það sjálft að leggja skattinn á, jafnvel þótt síðarnefnda ríkið kunni ekki á þeim tíma að þarfnast fyrrnefndra upplýsinga vegna eigin skattheimtu.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi þá skyldu á samningsríki:

a) að framkvæma stjórnsýsluráðstafanir sem víkja frá lögum og stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;

b) að veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða almennum stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;

c) að veita upplýsingar sem myndu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði viðskipta, atvinnumála, iðnaðar, verslunar eða sérfræðiþekkingar eða veita upplýsingar sem myndu stríða gegn almannareglu (ordre public) ef þær væru gerðar opinberar.

4. Ef bær stjórnvöld samningsríkis óska þess sérstaklega skulu bær stjórnvöld í hinu samningsríkinu veita upplýsingar samkvæmt þessari grein í formi vitnisburðar og staðfestra endurrita óbreyttra frumskjala (m.a. bókhalds, greina, yfirlýsinga, skýrslna, greinargerða og ritverka), að því marki sem unnt er að afla slíks vitnisburðar og skjala samkvæmt lögum og stjórnsýsluvenjum síðarnefnda ríkisins að því er varðar skatta þess sjálfs.

5. Hvort samningsríki um sig skal leitast við að innheimta fyrir hönd hins samningsríkisins fjárhæðir eftir því sem kann að vera nauðsynlegt í því skyni að tryggja að eftirgjöf samkvæmt samningnum á skatti, sem síðarnefnda ríkið leggur á, renni ekki til aðila sem ekki á rétt á slíkri undanþágu. Ákvæði þessarar málsgreinar skylda hvorugt samningsríkjanna til þess að grípa til stjórnsýsluráðstafana sem færu í bága við fullveldi þess, öryggi eða almannareglu.

6. Bært stjórnvald í samningsríki, sem hyggst senda embættismenn sína til hins samningsríkisins til þess að taka viðtöl við menn og skoða bókhald og skýrslur með samþykki þeirra aðila sem rannsókn beinist að, skal tilkynna bæru stjórnvaldi í hinu samningsríkinu um þau áform.

26. gr.

Sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisskrifstofa.

Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á skattaívilnanir sem sendiráðsmenn eða starfsmenn ræðisskrifstofa njóta samkvæmt almennum reglum þjóðaréttar eða ákvæðum sérstakra samninga.

27. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu í samræmi við gildandi málsmeðferð hvors samningsríkis um sig. Samningsríkin skulu skriflega tilkynna hvort öðru eftir diplómatískum leiðum þegar gildandi málsmeðferð hvors um sig er lokið.

2. Samningurinn öðlast gildi þann dag sem seinni tilkynningin sem vísað er til í 1. mgr. er dagsett og koma ákvæði hans til framkvæmda í báðum samningsríkjunum:

a) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna tekna sem aflað er 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi;

b) að því er varðar aðra skatta, vegna skatta sem leggja má á vegna skattárs sem byrjar 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi.

3. Samningnum milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, sem var undirritaður 7. maí 1975 („fyrri samningurinn"), skal ekki lengur beitt að því er varðar sérhvern skatt frá þeim degi þegar samningi þessum er beitt að því er þann skatt varðar skv. 2. mgr. þessarar greinar. Hefði aðila, sem á rétt á ávinningi samkvæmt fyrri samningnum, borið réttur til meiri ávinnings samkvæmt honum en samningi þessum skal fyrri samningnum, að vali fyrrnefnds aðila, þrátt fyrir málsliðinn hér að framan, áfram beitt í heild sinni að því er þann aðila varðar í 12 mánuði frá þeim degi þegar ákvæðum samnings þessa myndi annars hafa verið beitt skv. 2. mgr. þessarar greinar. Fyrri samningnum skal slitið þann dag þegar honum er beitt í síðasta sinn að því er varðar skatta í samræmi við framangreind ákvæði þessarar málsgreinar.

4. Þrátt fyrir gildistöku samnings þessa skal maður, sem á rétt á ávinningi skv. 21. gr. (Kennarar) fyrri samningsins þegar samningur þessi öðlast gildi, eiga áfram rétt á þeim ávinningi uns maðurinn myndi ekki lengur eiga rétt á ávinningi hefði fyrri samningurinn gilt áfram.

28. gr.

Uppsögn.

Samningur þessi skal gilda þar til samningsríki segir honum upp. Hvort samningsríki um sig getur sagt samningnum upp, eftir diplómatískum leiðum, með skriflegri tilkynningu um uppsögn eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok almanaksárs. Í slíku tilviki skal samningnum ekki beitt í samningsríkjunum:

a) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna tekna sem aflað er 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynningin er afhent;

b) að því er varðar aðra skatta, vegna skatta sem leggja má á vegna skattárs sem hefst 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynningin er afhent.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Washington hinn 23. október 2007 á ensku og íslensku og eru báðir textar jafngildir.

FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR BANDARÍKJA NORÐUR-AMERÍKU:

Robert M. Kimmitt

FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

Bókun.

Við undirritun samningsins milli ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku og ríkisstjórnar Íslands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur hafa undirritaðir orðið ásáttir um eftirfarandi viðbótarákvæði sem skulu vera óaðskiljanlegur hluti fyrrnefnds samnings.

1. Að því er varðar 3. gr. (Almennar skilgreiningar)
Eftirfarandi telst uppfylla kröfur l-liðar 1. mgr.:

a) Á Íslandi: sérhver lífeyrissjóður eða lífeyriskerfi, sem er viðurkennt samkvæmt lögum um lífeyri eða lífeyriskerfi, sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar, sem stofnað er samkvæmt lögum sem eru samþykkt eftir undirritun samningsins.

b) Í Bandaríkjunum: viðurkennd kerfi skv. lið 401(a) í lögum um tekjur ríkisins af skattheimtu, einkaeftirlaunakerfi (þar með talin einkaeftirlaunakerfi sem eru hluti af einfölduðu lífeyriskerfi starfsmanna sem uppfyllir skilyrði liðar 408(k), einkaeftirlaunareikningar, lífeyrisgreiðslur einkaeftirlauna, reikningar skv. lið 408(p) og einkaeftirlaunareikningar kenndir við Roth (Roth IRA) skv. lið 408A), opinber kerfi skv. lið 457(g), viðurkennd greiðslukerfi skv. lið 403(a) og kerfi skv. lið 403(b) eða önnur kerfi, sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar, sem verða til samkvæmt lögum sem eru samþykkt eftir undirritun samningsins.

2. Að því er varðar 7. gr. (Hagnaður af atvinnurekstri)
Meginreglur viðmiðunarreglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) gilda með lögjöfnun um ákvörðun hagnaðar sem rekja má til fastrar atvinnustöðvar. Af því leiðir að heimilt er að beita sérhverri aðferð sem þar er lýst, þar með taldar aðferðir sem taka til hagnaðar, til þess að ákvarða tekjur fastrar atvinnustöðvar, svo fremi að þeim aðferðum er beitt samkvæmt viðmiðunarreglunum.

3. Ákvæði 7. gr. (Hagnaður af atvinnurekstri) og 23. gr. (Bann við mismunun) koma hvorki í veg fyrir að Ísland geti áfram skattlagt fastar atvinnustöðvar bandarískra vátryggingafélaga í samræmi við ákvæði 3. liðar 2. mgr. 70. gr. íslensku skattalaganna né að Bandaríkin skattleggi áfram fastar atvinnustöðvar íslenskra vátryggingafélaga í samræmi við lið 842(b) í lögum um tekjur ríkisins af skattheimtu.

4. Að því er varðar 8. og 9. mgr. 10. gr. (Arður)
Meginreglan „fjárhæð jafngild arði", eins og hún birtist í bandarískum lögum, þjónar þeim tilgangi að námunda þann hluta þeirra tekna, er um getur í 7. mgr. 10. gr., sem jafnast á við þá

fjárhæð sem myndi verða úthlutað sem arði ef slíkra tekna væri aflað af dótturfélagi sem er stofnað sem lögaðili í Bandaríkjunum. Fjárhæð jafngild arði, að því er varðar erlent hlutafélag, er, fyrir hvert ár, jafnhá þeim tekjum eftir skatta sem rekja má til: i) tekna hins erlenda hlutafélags sem rekja má til fastrar atvinnustöðvar í Bandaríkjunum, ii) tekna þess af fasteign í Bandaríkjunum sem eru skattlagðar á hreinum grunni skv. 6. gr. (Tekjur af fasteign) og iii) hagnaðar þess af hlut í fasteign sem er skattlagður í Bandaríkjunum skv. 1. mgr. 13. gr. (Söluhagnaður af eignum), sem lækkar af völdum aukningar nettófjárfestinga erlenda hlutafélagsins í bandarískum eignum eða hækkar af völdum minni nettófjárfestinga erlenda hlutafélagsins í bandarískum eignum.

5. Að því er varðar 16. gr. (Listamenn og íþróttamenn)
Ekkert kemur í veg fyrir að samningsríki dragi skatt af slíkum greiðslum samkvæmt landslögum. Ef aðeins er hins vegar heimilt að skattleggja slíkt endurgjald eða tekjur í hinu samningsríkinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal fyrrnefnda samningsríkið endurgreiða skattinn, sem þannig er af dreginn, komi fram krafa þar um sem lögð er fram með tilhlýðilegum hætti. Slíka kröfu skal leggja fram hjá skattayfirvöldum, sem hafa innheimt hinn afdregna skatt, innan fimm ára frá lokum þess almanaksárs þegar skatturinn var af dreginn.

6. Að því er varðar 21. gr. (Takmarkanir sem gilda um ávinning)
Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu eiga samráð sín á milli í því skyni að koma því til leiðar að ákvæðum þessarar greinar verði beitt með þeim hætti sem bæði ríkin geta sætt sig við. Bær stjórnvöld skulu, í samræmi við ákvæði 25. gr. (Upplýsingaskipti og stjórnsýsluaðstoð), skiptast á nauðsynlegum upplýsingum til þess að ákvæði þessarar greinar geti komið til framkvæmda.

7. Að því er varðar 25. gr. (Upplýsingaskipti og stjórnsýsluaðstoð)
Valdheimildir bærs stjórnvalds hvors samningsríkis um sig til þess að afla sér upplýsinga fela m.a. í sér heimildir til þess að afla sér upplýsinga, sem fjármálastofnanir, tilnefndir aðilar eða umboðs- eða fjárvörsluaðilar búa yfir (að undanskildum upplýsingum sem myndu opinbera trúnaðarsamskipti milli skjólstæðings og lögmanns, lögfræðilegs ráðgjafa eða annars lögfræðilegs fulltrúa, leiti skjólstæðingur eftir lögfræðiráðgjöf), og upplýsinga um eignarhald lögaðila og það að bært stjórnvald hvors samningsríkis um sig geti miðlað slíkum upplýsingum samkvæmt ákvæðum greinarinnar.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

Gjört í tvíriti í Washington hinn 23. október 2007 á ensku og íslensku og eru báðir textar jafngildir.

FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR BANDARÍKJA NORÐUR-AMERÍKU:

Robert M. Kimmitt

FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS: